

# Aðalfundur Smalahundafélags Íslands

haldinn í Leikhúsinu Mörðuvöllum

Dagss 24.08.2018

## Dagskrá fundar

### 1. Kosning embætta fundarins

- a. Aðalsteinn J. ritari og Sverrir Möller fundarstjóri.  
Samþykkt samhljóða.

### 2. Skýrsla stjórnar.

- a. Aðalsteinn A. og Þorvarður fóru yfir starf félagsins á árinu 2017.
  - i. Landskeppnin 2017. Gekk vel, 15 hundar tóku þátt sem er heldur minna en venjulega. Smalahundadeild Árnssýslu sá um keppnina. Þorvarður tók fram að mikilvægast væri að kindurnar í keppnum séu viðráðanlegar.
  - ii. Annars var stóra verkefni félagsins á síðasta ári fræðsluferð til Englands um mánaðarmótin október/nóvember sem tókst afar vel. Þorvarður fór yfir skipulag ferðarinnar og dagskrá hennar. Þorvarður lagði það til að fleiri svona ferðir yrðu farnar.

### 3. Reikningar félagsins.

- a. Sverrir (skoðunarmaður reikninga) fór yfir ársreikning félagsins. Staða félagsins er góð. Rætt var um hvort hægt sé að auka vaxartekjur fjármuna félagsins. Reikningurinn samþykkur samhljóða.

### 4. Inntaka nýrra félaga.

- a. 16 gengu úr félaginu en 19 gengu í það á árinu 2017. Nýjum félögum óskað velfarnaðar.

## 5. Kosningar.

- a. Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir kjörin í stjórn félagsins og Bjarki Benediktsdóttir kjörin til áframhaldandi setu sem varamaður. Sverrir Möller og Maríus Halldórsson kjörnir til áframhaldandi setu sem skoðunarmenn reikninga. Svanur Guðmundsson, Hilmar Sturluson og Gunnar Einarsson áfram kosnir sem dómara í vinnueðlismati SHFÍ.

## 6. Önnur mál.

- a. Þorvarður veltir því upp hvort félagið geti keypt íslensku kennslubókina til umsýslu á námsskeiðum og fleiri tækifærum sem gefast. Þorvarður gerir tillögu um að kaupa bækur á lager fyrir félagið. Samþykkt samhljóða.
- b. Málefni Snata. Umræður um virkni Snata sem hefur verið ekki verið upp á sitt besta undanfarið, samninga um hann og sett fram hvatning til ræktenda að vera duglegri að skrá í Snata.
- c. Landskeppni 2019. Austurlandsdeild heldur keppnina 2019. Sverrir Möller býðst til að halda keppnina á Ytra-Lóni eftir 20. október 2019.